

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 233/2020

2023/EES/70/57

frá 11. desember 2020

um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/174 frá 6. febrúar 2020 um viðurkenningu á tækni sem notuð er í 12 volta nýtna riðstraumsrafala sem eru notaðir í tiltekna fólksbifreiðar og létt atvinnuökutæki sem nýsköpunartækni samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631 ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 21az (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„21aza. **32020 D 0174:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/174 frá 6. febrúar 2020 um viðurkenningu á tækni sem notuð er í 12 volta nýtna riðstraumsrafala sem eru notaðir í tiltekna fólksbifreiðar og létt atvinnuökutæki sem nýsköpunartækni samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631 (Stjtið. ESB L 35, 7.2.2020, bls. 13).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2020/174, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. desember 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/2020 frá 23. október 2020 ⁽²⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. desember 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 35, 7.2.2020, bls. 13.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 227, 14.9.2023, bls. 34 og EES-viðbætur nr. 66, 14.9.2023, bls. 34.